

Heilbrigðisþjónustan þarf að ganga þrátt fyrir COVID-19

Þróun veikinda af völdum COVID-19 og afleiðingar veirunnar hafa komið á óvart, segir Runólfur Pálsson, yfirlæknir á COVID-göngudeildinni. Deildin hefur þróast og breyst með umfangi sýkinga, aðgerðum stjórnvalda og þekkingunni sem hefur myndast

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir



Runólfur Pálsson, forstöðumaður lyflækninga og endurhæfingarþjónustu Landspítala. Mynd/gag

„Við eigum að láta heilbrigðisþjónustuna ganga þrátt fyrir COVID-19,“ segir Runólfur Pálsson, forstöðumaður lyflækninga og endurhæfingarþjónustu Landspítala og einn stjórnenda COVID-göngudeildarinnar sem hefur breyst í takti við þróun heimsfaraldursins.

„Ég sé göngudeildina þróast í miðstöð innan spítalans fyrir þjónustu vegna COVID-19, bæði vegna virkra smita eða langdreginna afleiðinga og sem stuðningur við landsbyggðina,“ segir hann. „COVID-19 er erfitt viðfangsefni fyrir litla staði úti á landi þar sem þarf að sinna annarri heilbrigðisþjónustu líka.“

Hann segir að tvennt hafi komið sérstaklega á óvart í þessum heimsfaraldri COVID-19. „Annars vegar hvað sjúklingum getur versnar skyndilega viku eftir greiningu,“ segir hann. Fólk með væg einkenni fyrstu vikuna komi þá jafnvel á spítala og innan klukkustunda á gjörgæslu.

„Hins vegar eru þessar langdregnu

afleiðingar. Ekki síst þeirra sem fengu væg einkenni og fást mánuðum síðar við margvísleg einkenni, einkum orkuleysi, einbeitingarskort og verki. Einnig er áhugavert að sjá hvernig bragð- og lyktarskyn hvarf og kom í sumum tilvikum til baka mörgum vikum eftir að bata var náð.“

Hann segir veiruna mjög áhugaverða. „Við þurfum að skilja hana betur. Rannsaka hana betur, því hún getur lagst á

mörg líffærakerfi með margvíslegum afleiðingum,“ segir hann. „Fólk er óttaslegið þegar það fær greininguna og hún getur haft sálræn eftirköst.“

Tugir hjúkrunarfræðinga unnu ásamt sérnámslæknum í símaþjónustu COVID-göngudeildarinnar á Landspítala í upphafi faraldurs og við móttöku sjúklinga. Nú er þar einn sérnámslæknir í lyflækningum auk fáeinna hjúkrunarfræðinga í símaþjónslu.

Hertar aðgerðir voru nauðsynlegar

Hertar aðgerðir stjórnvalda þann 19. ágúst eru að mati Runólfs nauðsynlegur liður í baráttunni við SARS-CoV-2 veiruna. Eina leiðin til þess að losna við veiruna eru harðar aðgerðir til langs tíma og að loka landinu.

„En við vitum að það getum við ekki,“ segir Runólfur. „Það er enginn vafi að skimin er gagnleg,“ segir hann. „Þetta er eina leiðin til að halda veirunni í skefjum. Svo er spurning hversu lengi aðgerðirnar verða við lýði. Það er útliit fyrir að skimað verði fyrir þessari veiru á næstu misserum, jafnvel árum. En mestu máli skiptir að fólk ástundi einstaklingsbundnar smitvarnir eins og það best getur til að forðast smit.“



5. árs læknanemar sátu í rúmgóðum sal Læknafélagsins og lærðu erfðalæknisfræði. Þannig var hægt að tryggja tveggja metra regluna og að allir gætu mætt í tímann. Mynd/gag

Læknanemum kennt hjá Læknafélaginu

Nemendur á 5. ári í læknisfræði sóttu áfanga hjá Reyni Arngrímssyni, formanni Læknafélagsins, í erfðalæknisfræði á óhefðbundnum stað nú í ágúst, eða í húsa-kynnum félagsins.

„Kennslan verður ekki alveg með hefðbundnum hætti,“ segir Engilbert Sigurðsson, forseti læknadeildar.

„Allir eru betur undirbúnir og skilja vel að það þurfi að viðhafa ákveðnar sóttvarnarráðstafanir. Bæði nemendur og kennarar bregðast vel við og munu fylgja þeim viðmiðum sem gilda á hverjum tíma og stað. Við förum ákveðna millileið

þar sem innan háskólans er miðað við einn metra í sóttvarnarmörkum en tvo innan Landspítala.“

Grímur og eftir atvikum hanskar eru einnig hluti af sóttvörnunum þar sem ekki er hægt að ná tveggja metra viðmiðinu innan Landspítala og í verklegum æfingum innan læknadeildar.

Ekki er sem stendur alltaf hægt að kenna öllum bekknum í einu. Hluti mætir en aðrir eru í fjarkennslu. „Það er í höndum umsjónarkennara og nemenda að leysa það verkefni og finna bestu leiðina í hverju tilviki.“

Spítalalæknar undrandi og vonsviknir yfir örlögum lækna ráðs og vilja tryggja framtíð fagraðs lækna

Lagabreytingin sem leggur niður lækna ráð er bæði ótrúleg og óskiljanleg segir starfandi formaður lækna ráðs Landspítala. Hún segir að ráðgefandi hlutverk lækna ráðs nú horfið úr lögum og framtíð ráðsins óljós

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir



Anna Margrét Halldórsdóttir, starfandi formaður lækna ráðs, segir ekkert gott hljótast af því að leggja niður lækna ráð.

„Læknar eru bæði vonsviknir og slegnir yfir þessari atburðarás,“ segir Anna Margrét Halldórsdóttir, starfandi formaður lækna ráðs, um þá breytingu sem varð á heilbrigðislögum í sumar sem leggur lækna ráð heilbrigðisstofnana niður. Ráðið sendi læknum á Landspítala bréf 26. ágúst vegna stöðunnar.

„Stjórn lækna ráðs lítur svo á að forsendur fyrir áframhaldandi starfi lækna ráðs Landspítala séu brostnar samkvæmt lögum,“ segir í því. Stjórn ráðsins hafi í aðdraganda lagabreytinganna harðlega gagnrýnt þær „- en án árangurs.“ Ráðið hvetur lækna til að íhuga og ræða stöðuna.

„Við skiljum ekki af hverju var farið í þessa vegferð og hvernig hún á að leiða til góðs,“ segir Anna Margrét í samtali við *Læknablaðið*.

„Þetta eru neikvæðar breytingar að okkar mati. Við læknar höfum lagt okkur fram um að vera rödd góðrar heilbrigðisþjónustu, rödd sjúklinga og látið vita ef vandi er til staðar í starfsemi spítalans - ef eitthvað þarf að lagfæra.“

En er lagabreytingin þá liður í að þagga niður í læknum? „Maður fær það óneitanlega á tilfinninguna. Það eru engin sannfærandi rök fyrir þessum breytingum og beinlínis býið að segja við lækna að þeir hafi verið með óþægilega gagnrýni. Okkur liður því mörgum eins og verið sé að þagga niður í læknum.“

Anna Margrét bendir á að lækna ráð sé fyrst og fremst vettvangur fyrir faglega umfjöllun um starfsemi spítalans. „Það að einhver vilji hugsanlega þagga niður í því er óskiljanlegt,“ segir hún. Lækna ráð viti ekki hvort gert sé ráð fyrir samráðsvettvangi lækna innan spítalans eftir breytingarnar.

„Nú hefur lækna ráð ekki hlutverk gagnvart stjórnendum spítalans samkvæmt lögum,“ segir hún. Bæði er eftir útgáfu reglugerðar um fagrað og ræða þurfi framtíðarfyrirkomulagið við stjórnendur spítalans. „Nákvæmlega hver hugur þeirra er í þessu máli á eftir að koma í ljós.“

En hvað er til ráða? „Læknar virðast einhuga um að það þurfi að vera faglegur vettvangur lækna til staðar á spítalanum. Búið er að fjarlægja lækna ráð úr lögum en það er ekki þar sem að sagt að við getum ekki stofnað annan vettvang og haldið starfsemi okkar áfram. Einnig er mikilvægt að læknar velji sjálfir sína fulltrúa í slíkt faglegt ráð eins og raunin var með lækna ráð.“

Með breyttum lögum er nú gert ráð fyrir sameiginlegu fagraði lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta sem forstjóri heilbrigðisstofnunar mun skipa í stað lækna ráðs, hjúkrunarráðs og annarra fagraða. Anna Margrét segir enn óljóst hvernig staðið verði að því. „Við höfum ekki andmælt stofnun sameiginlegs fagraðs en ljóst er að sá hópur kemur alls ekki í staðinn fyrir lækna ráð.“

Stjórn lækna ráðs hvetur lækna til þess að taka þátt í aðalfundi Félags sjúkrahúslækna 24. september. Þar á að ræða hvernig tryggja megi áfram faglegan umræðu- og samráðsvettvang fyrir lækna spítalans.

„Læknar eru framlínustarfsmenn. Vel menntuð og öflug stétt. Það er óviðunandi ef við höfum ekki farveg til að koma áhyggjum og ábendingum – góðum eða slæmum - á framfæri. Ekkert gott hlýst af því að leggja niður lækna ráð – hvorki fyrir heilbrigðisstofnanir, starfsmenn né sjúklinga.“

Hvað breytist samkvæmt bréfi lækna ráðs?

- Læknar Landspítala hafa ekki lengur formlegan, sameiginlegan vettvang til umræðna og ályktana í stjórn lækna ráðs sem kosin er af læknum á aðalfundi lækna ráðs
- Forstjóra Landspítala ber ekki lengur lagaleg skylda til þess að leita álitis lækna ráðs í mikilvægum málum
- Stöðunefnd lækna ráðs hefur verið lögð niður og þar með umfjöllun lækna um starfsúmsóknir sinna kollega
- Fræðslunefnd lækna ráðs hefur haldið uppi öflugum fræðslustarfi til margra ára en skipan og áframhaldandi starf fræðslunefndar er í óvissu
- Almennir lækna ráðsfundir hafa verið vettvangur fyrir samtal og ályktanir fyrir alla lækna spítalans en framhald slíkra funda er óvíst